HAFNARFJÖRÐUR

**Verkefni** **Heilsubærinn Hafnarfjörður**

**Efni fundar** Dagskrá safnað saman á Workplace

| | | |
|---|---|---|
| **Dags. fundar:** 6.04.2020 | **Tími: 12:30** | **Málsnúmer: 1909218** |
| **Fundarboðari:** Geir | **Fundarritari:** Sunna | **Staður:** Fjarfundur - Zoom |

**Fundarmenn**

**Mættir:**
*Geir Bjarnason*
*Sunna Magnúsdóttir*
*Hulda Sólveig Jóhannsdóttir*
*Inga Fríða Tryggvadóttir*
*Gunnþóra Guðmundsdóttir*
*Hrund Apríl Guðmundsdóttir*

**Fjarverandi:**
*Árdís Ármannsdóttir*
*Herdís Hjörleifsdóttir*
*Sjöfn Guðmundsdóttir*

***Gestur**:*
*Andri Ómarsson*

| Nr | Fundarefni | Fundarpunktar | Áb. | Staða |
|---|---|---|---|---|
| 1 | **Menningar- og heilsugöngur / Bæjargöngur sumarið 2020** | Heilsubærinn skipuleggur 5 göngur í sumar.<br>11.júní – Gengið frá Hvaleyravatni að Stórhöfða – Einar í Wappinu<br>18.júní – Helgafell fyrir byrjendur – Valgerður Hróðmarsdóttir<br>2.júlí – Barna- og fjölskylduganga. Gengið að Valabóli. Kolbrún Kristínardóttir.<br>23.júlí – Arnarfell með Jónatani Garðarssyni (óstaðfest)<br>6.ágúst – Gengið um Áslandið/Ástjörn – Gunnar Svavarsson | Geir / Sunna | Í vinnslu |
| 2 | **Heilsuefling/Einar í Wappinu** | Hópurinn samþykkir að fá Einar til að gera brandaragöngu.<br>Hafnarfjarðarbrandaraganga<br>Þessi gönguleið um Suðurbæ Hafnarfjarðar liggur um skemmtilegar slóðir. Farið er meðfram sjávarsíðunni þar sem sólarlagið nýtur sín á fallegum kvöldum. Þaðan er gengið upp í áttina að St. Jósefsspítala og framhjá Karmelklaustrinu þar sem er tilvalið að ganga upp á útsýnishólinn og skima í allar áttir. Þaðan er farið að kirkjugarðinum og gengið meðfram honum og niður að Læknum. Læknum er fylgt niður í miðbæinn aftur og meðal annars framhjá gömlu stíflunni og virkjuninni þar sem heilsa má upp á endur, gæsir og álftir á tjörninni. Gangan er við allra hæfi og brandararnir sem eru á 100–200 m fresti hvetja yngsta göngufólkið áfram.<br>Brandarar sem þessir eiga sér sögu víða um heim og eru oft og tíðum þýddir á milli tungumála og staðfærðir. Fólk getur því átt von á að rekast á nokkurn veginn sömu brandarana um íbúa bæja eða borga í flestum löndum heims. Það er engin ástæða til að velta sér upp úr því heldur taka góða göngu og leyfa sér að hlæja og brosa og njóta þess að vera til.<br>Þetta tefst aðeins með útgáfu á brandaraleiðinni en vonandi verður þetta komið í lag strax eftir helgi. Gangan er komin niður í ca 3,8 km.<br><br>Tilbúið á næstu dögum og verður kynnt fyrir páska. | Geir / Árdís/ Andri | Í vinnslu |
| 3 | **Útilífsmiðstöð Hafnarfjarðar** | Hver er staðan á kistunum? Við höfum hist, kostnaður ekki alveg ljós en kannski 300þús hver. fyrir liggur styrkur frá Lyðheilsusjóði. Búum til samráðsvettvang um næsta skref sem er staðsetngin á 2-3 kistum með fulltrúum heilsueflandi skóla. hugmynd að heilsueflandi skólar fái bréf með kynningu og ósk um að vera með í að þróa verkefnið.....þ.e. Smáralundur, Hamravellir, Hvaló, Hraunvallaskóli, Víðistaðarskóli, Áslandsskóli, Nú = ca 7-8 í stýrihópnum. Bréf sent út strax eftir páska. | Geir | Í vinnslu |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4 | **Hvatning í bæjarblað frá Heilsubænum** | Andri segir okkur hvernig þessi mál standa.<br>Heilt stafróf af hugmyndum til að gera í Hafnarfirði á tímum samkomubanns í vinnslu. – pössum að klukka líka út frá geðvernd.<br>Stólajóga í bókasafninu<br>Rafræn leiðsögn í Hafnarborg.<br>Sumardagurinn fyrsti með breyttu sniði. Verið að hugsa útfærslu á deginum.<br>Bjartir dagar líklega færðir fram til byrjun júní. | Árdís/Andri | Í vinnslu |
| 5 | **Skilaboð til foreldra – aðhald og eftirlit** | SAMAN hópurinn hefur útbúið skilaboð til foreldra á íslensku, ensku og pólsku. Þau kynnt og rætt um hvernig og hvort dreifing fari fram. Auglýst í gegnum samfélagsmiðla og póstur sendur á foreldra í gegnum mentor strax eftir páska. Hrund kemur til skólastjórnenda. | Sunna/Andri | Í vinnslu |
| 6 | **Sumarstrætó að Kaldárseli og Hvaleyrarvatni** | Bærinn hefur fengið fyrirspurn frá bæjarbúa hvort hægt sé að vera með sumarstrætó frá Firði að Kaldárseli og Hvaleyravatni.<br>Sunna svarar pósti og bendir á að ekið sé núþegar að Áslandi 3, nálægt hesthúsasvæðinu. | Geir/Sunna | Í vinnslu |
| 7 | **Sprittbréf á stofnunum bæjarins** | <br>Klútar sem hægt væri að hafa á opinberum stöðum Hafnarfjarðar eftir samkomubann. Verð í skoðun. Merki bæjarins og heilsubæjarins.<br>Ekki mikill áhugi hjá hópnum. | Árdís/Geir | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 8. | **Litli ratleikur** | Ég er með hugmynd að minni ratleik, Litla Ratleik Hafnarfjarðar, með ca 15-20 punktum, í og í næsta nágrenni við bæinn.<br>Fyrstu hugmyndir:<br>**Nr. Staður — Markmið**<br>1 Útihús — Ganga í kringum Ástjörn<br>2 Útsýnisskífan Ásfjalli — Ganga á Ásfjall<br>3 Ósinn — Ganga út á hafnarsvæðið<br>4 Minnisvarði um Hrafna-Flóka — Ganga Hvaleyrina<br>5 Útsýnisskífan Hamrinum — Ganga á Hamarinn, jökulrendur<br>6 Arnarklettur — Ganga stíga í hrauninu<br>7 Myndspil — Ganga Strandstíginn og Langeyrarmalir<br>8 Lækjarbotnar — Ganga úr bænum í Lækjarbotna<br>9 Beitarhús — Ganga skógarstíga<br>10 Ássel — Ganga í kringum Hvaleyrarvatn<br>11 Hvaleyrarsel — Ganga í kringum Hvaleyrarvatn<br>12 Riddaralundur — Ganga í kringum Hvaleyrarvatn<br><br>Fyrst um sinn yrði þetta gefið út sem PDF skjal sem hentar í síma en ég er að vinna að því að setja upp heimasíðu líka sem gefur fleiri möguleika, en hún tekur nokkurn tíma að gera.<br>Ekki þyrfti að skrá sig en fólk sækir skjalið á fjardarfrettir.is og þá get ég séð hvað margir hlaða því niður.<br>Fólk þarf ekki að finna neitt merki en hvatt til að taka myndir af sér á stöðunum og deila á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #litliratleikur2020. Þá mun ég útbúa merki sem fólk getur sett á prófílmyndina sína á Facebook.<br>Markmið er að fá fólk út að ganga og leiða um ákveðna slóða.<br><br>Hópurinn mjög ánægður með þetta framtak og vill að logo Heilsubæjarins komi fram. | Geir | Í vinnslu |
| 8 | **Önnur mál** | | | |
| 9 | | | | |
| 10 | | | | |
| 11 | | | | |
| 12 | | | | |

**Hugmyndir til að hafa í huga áfram milli funda:**

**Ratleikurinn**

HAFNARFJÖRÐUR

# LITLI Ratleikur Hafnarfjarðar

